


# Siðferðiskvarðinn

Árný L. Sigurðardóttir

Sigurður Arnar Sigurðsson og

Sigurjón Jónsson



## Vefútgáfa

Í samvinnu Grundaskóla, Námsgagnastofnunar  
og Umferðarstofu

Ritstjórn: Aldís Yngvadóttir

Umbrot og hönnun: Margrét Friðriksdóttir

Yfirlestur: Þórdís Guðjónsdóttir

## Viðfangsefnið

Hér er um nokkrar stuttar sögur að ræða. Í þeim öllum er sagt frá nokkuð hversdaglegum atburðum. Þó er reynt að hafa atburðarásina með þeim hætti að það sem gerist sé misalvarlegt og kalli á siðferðislega umræðu meðal nemenda. Sagt er frá atvikum þar sem reynir á að fólk skilji á milli réttar breytni og rangrar. Markmiðið er að nemendur ræði atvikin og meti þau. Matið er síðan fært inn á sérstakan kvarða og rætt enn frekar þegar niðurstöður allra liggja fyrir.

## Markmið

- Að gefa nemendum tækifæri til að ræða saman um hvað sé rétt og rangt, um tilgang laga og reglna og hvað felst í því að taka tillit til samferðamanna og sýna skynsemi.
- Að efla siðferðisvitund og rökhugsun nemenda.
- Að nemendur þjálfist í umræðu og rökræðu um siðferðileg álitaeefni.

Daglegt líf gerir kröfur til fólks um að það geti brugðist við mismunandi aðstæðum. Í umferðinni reynir á að menn kunni, skilji og fylgi þeim reglum sem samfélagið hefur sett. Lög og reglur eru skráðar leikreglur sem öllum ber að fylgja en til viðbótar er fjöldi óskráðra reglna þar sem skynsemi og tillitssemi í samskiptum ráða ferð. Það sem einum kann að finnast alvarlegt finnst öðrum frekar léttvægt. Þar ráða fyrri reynsla og aðstæður hverju sinni. Verkefnunum er ætlað að hjálpa nemendum að verða sjálfstæðari í hugsun og færa rök fyrir máli sínu. Stundum er ekki hægt að ákvarða hvort eitthvert tiltekið atriði sé rétt eða rangt heldur hitt hvort það hafi verið heppilegt eða betra hefði verið að gera hlutina með öðrum hætti. Nemendum gefst þá tækifæri til að benda á að betra hefði verið að bregðast öðruvísi við o.s.frv. Þannig má segja að umræðan í sjálfu sér skipti mestu en ekki endilega hver niðurstaðan nákvæmlega er hverju sinni.

## Sögurnar

Sögurnar eru sex talsins og gerast við mismunandi aðstæður. Sögupersónurnar eru bæði börn og fullorðnir og henta sögurnar ýmist fyrir mið- eða unglíngastig eða þá bæði. Allar tengjast þær umferð að einu eða öðru leyti en vinnan þarf ekki að tengjast umferðarfræðslu beinlínis heldur getur hún allt eins fallið undir aðrar námsgreinar. Sögurnar eru allar stuttar og ættu því að henta flestum, óháð aldri eða lestrargetu.

## Hvaða saga hentar hverjum?

Saga	Miðstig	Unglíngastig	Bæði stig
Að skutla systur sinni			x
Ferðalagið			x
Hættuför			x
Krakkarnir í 4. ABC	x		
Skemmtunin		x	
Umferðarkönnun			x

## Hlutverk kennarans

Hlutverk kennarans er fyrst og fremst að halda utan um umræðuna, draga saman og sjá um skráningu á niðurstöðum. Kennarinn á ekki að taka afstöðu með eða á móti skoðun nemenda heldur kalla frekar eftir röksemdum eða skýra nánar þau rök sem nemendur færa fram. Gæta þarf að því að skoðanir hvers og eins fái að njóta sín og aðrir neyði ekki fram niðurstöðu. Þó er mikilvægt að nemendur reyni að ræða saman þannig að þeir geti skilað sameiginlegum niðurstöðum.

## Frankvæmd

Verkefnið hentar vel fyrir ólíka námshópa, óháð námsgetu. Gert er ráð fyrir að hver saga henti fyrir vinnu í kennslustund sem er 40–60 mínútur. Mögulegt er að láta nemendur vinna matið einstaklingsbundið en hér er mælt með að skipta þeim í hópa, þrjú til fjórir í hóp. Allir lesa sögurnar yfir. Kennarinn útskýrir matskvarðann sem er frá 10, sem merkir eitthvað sem er jákvætt eða mjög gott, og niður í –10 sem merkir eitthvað sem er neikvætt eða mjög slæm hegðun. Einn úr hverjum hópi er ritari og færir niðurstöður síns hóps inn á matskvarðann. Álitaefnin í hverri sögu eru númeruð og er niðurstaðan fyrir hvern þátt færð inn á kvarðann. Eitt atriði verður að vera verst og eitt best. Hin færast síðan þar á milli eftir mati nemenda.

Kennarinn gengur á milli og gætir þess að allir hafi jöfn tækifæri til að tjá sig og lýðræðislegar reglur gildi við umræðuna. Forðast skal að taka ráðin af nemendum en gott getur verið að kalla eftir rökum eða útskýra betur þær aðstæður sem rætt er um.

Þegar nemendur hafa lokið við að meta atriðin og færa inn á matskvarðann tekur kennarinn við niðurstöðunum og færir inn á sameiginlegan matskvarða allra hópanna. Um leið kallar hann eftir röksemdum frá hverjum hópi. Þegar allar niðurstöðurnar eru komnar saman kann að vera tilefni til að ræða mismunandi niðurstöður en það verður að metast hverju sinni.

## Hjálpargögn

Hver nemandi fær eintak af þeirri sögu sem valin er. Allir þátttakendurnir eru með sömu sögu til umfjöllunar í hvert skipti. Hver hópur fær matskvarða þar sem ritari skráir inn niðurstöðuna. Athugið að álitaefnin eru mismörg eftir sögum.

Niðurstöðurnar eru síðan færðar á töfluna. Best er að skrá niðurstöðurnar beint inn í [Excel](#) sem síðan er varpað á tjald. Einnig hentar vel að nota snertitöflur ef þær eru til staðar. Ef slík tækni er ekki notuð má einnig færa niðurstöðurnar á kítar- eða tússtöflu. Aðalatriðið er að allir nemendurnir geti séð niðurstöður annarra hópa og fái tækifæri til að spyrja eða kalla eftir röksemdum fyrir tiltekna niðurstöðu.

### Muna:

Sögur handa öllum, matskvarði fyrir hvern hóp, skriffæri, túss/krít til að merkja á töflu eða snertitafla eða skjávarpi með tölvu.

## Að skutla systur sinni

„Farðu varlega elskan“, kallaði Jóna til Villa sonar síns. „Mundu að fara með systur þína á leikskólann.“

„Allt í fína, redda því mamma.“

Villi settist upp í nýju Honduna. Kallaði á litlu systu sína og sagði henni að setjast í framsætið. (1)  
„Komdu systa, nú förum við saman á rúntinn.“

Hondan renndi út götuna og hraðamælirinn sýndi 120 km/klst. (2) Villi ljómaði af ánægju. Hondan var draumabíllinn. Hann leit til litlu systur sinnar sem sat stjórn af spennu og hræðslu í framsætinu. Sem betur fer var hún með öryggisbeltið spennt. (3) En Villi bróðir hennar hafði aftur á móti ekki spennt öryggisbeltið sitt. (4)

Þegar Villi beygði inn á Vesturgötuna sagði hann við litlu systur sína: „Sjáðu gamla karlinn sem labbar þarna á gangstéttinni.“ Því næst gaf hann bílnum vel inn og ók ofan í stóran poll sem var við gangstéttina. Stór gusa skvettist á manninn og aðra gangandi vegfarendur sem áttu leið hjá. (5)

„FRÁBÆRT“ orgaði Villi. „Var þetta ekki flott, systa?“ (6)

Villi tók upp gemsann og sló inn númerið hjá Jennu, kærustunni sinni. (7)

„Hæ, elskan. Klár, ég kem eftir fimm.“

Skömmu síðar ók Villi að húsi Jennu. Hún kom út, opnaði farþegadyrnar og ætlaði að setjast inn.

„Nei, hæ. Ert þú með?“ sagði hún við litlu systur Villa. „Átt þú ekki að sitja aftur í?“

Því næst færði hún telpuna í aftursætið og festi hana í öryggisbeltið. Svo settist hún fram í við hlið Villa. (8)

„Hvað ertu að hugsa?“ sagði hún um leið og hún kyssti Villa á kinnina. (9)

Villi roðnaði og sagði: „Fyrirgefðu, þetta er bara algjört kæruleysi.“ (10)

Hann ók rólega af stað aftur og stefndi í átt að framhaldsskólanum. (11)

Leikskólinn var stutt frá framhaldsskólanum og þar stoppaði Villi. Tók systur sína úr bílnum og fylgdi henni inn. Setti fötin hennar í hólfíð og á snagann. (12)

„Allt komið systa. Fæ ég ekki eitt knús.“

Þau föðmuðust og Villi hvíslaði í eyra systur sinnar: „Mér þykir vænt um þig.“ (13)

## Ferðalagið

Það var hásumar og æskuvinkonurnar Soffía Jónsdóttir og Magnea Vigfúsdóttir spjölluðu saman um liðnar stundir. Þær voru á leiðinni upp á Skaga til að hitta gamla bekkjarfélagi frá því í grunnskóla. Fyrri bekkjarmót voru endalaus uppspretta umræðna hjá þeim vinkonum. En nú voru liðin 25 ár frá útskrift og kominn tími til að fagna. Spennan lá í loftinu og þær voru orðnar fullseinar enda tekur ferðin milli Reykjavíkur og Akraness um 40 mínútur ef umferðin er þægileg. Þær Magnea og Soffía höfðu verið vinkonur lengi þrátt fyrir að vera mjög ólíkar. Soffía var metnaðarfull með mikið keppnissskap og hafði ákveðnar skoðanir á öllu og alltaf. Magnea var hins vegar róleg og yfirveguð og anaði aldrei að neinu. Hún var sjaldnast sammála vinkonu sinni en dáðist að kraftinum í henni.

„Ég þarf að stoppa á bensínstöð og taka eldsneyti,“ sagði Magnea, en gult ljós hafði kviknað í mælaborðinu. (1)

„Heldurðu að það dugi ekki?“ spurði Soffía. „Við erum orðnar svo seinar og ég vil vera á réttum tíma.“ (2)

„Nei, það eru ekki nema örfáir lítrar eftir auk þess sem það tekur enga stund að dæla á bílinn,“ svaraði Magnea.

„Guð, hvað þú ert óskipulögð. Bensínlausar. Ég get svo svarið það að við hefðum átt að fara á mínum bíl.“ Soffía leit á vinkonu sína með vanþóknunarsvip. (3)

„Beta er að komast seint en aldrei,“ svaraði Magnea og brosti til vinkonu sinnar.

„Allt í lagi. Ég reyni að láta mér ekki leiðast á meðan og fer og næ mér í súkkulaði og blað,“ sagði Soffía. Magnea dældi sjálf á bílinn enda var það nokkru ódýrara.

„Af hverju læturðu ekki starfsfólkið gera þetta fyrir þig?“ spurði Soffía.

„Þetta er nú ekki mikið mál, það ræður hver sem er við þetta. Ætlarðu að segja mér að þú dælir aldrei sjálf?“ sagði Magnea og brosti. (4)

„Bla bla bla,“ svaraði Soffía og lagði af stað inn í afgreiðsluna til að kaupa sér súkkulaði og tímarit. (5)

Magnea var rétt að ljúka við að fylla tankinn þegar Soffía kom aftur í bílinn. Hún settist inn, skrófaði niður bílrúðuna og henti bréfinu utan af súkkulaðinu út um bílgluggann. (6)

„Heyrðu, hvers konar subbuskapur er þetta nú eiginlega? Sérðu ekki allar ruslaföturnar hér sem ætlaðar eru undir svona rusl?“ sagði Magnea og stökk inn til að borga. (7)

„Vertu róleg. Ertu mamma mín eða hvað?“ kallaði Soffía á eftir henni.

Þegar bíllinn rann út á Vesturlandsveginn kveikti Soffía á útvarpinu. Um leið hljómaði rödd þularins. „Þetta er Útvarp Umferðarráðs ...“ Soffía skipti strax um rás. „Æ, nei, ég nenni nú ekki að hlusta á þetta,“ sagði hún. (8)

„Jú, við skulum hlusta. Það koma oft gagnlegar upplýsingar fyrir vegfarendur,“ svaraði Magnea. (9)

Þegar þær höfðu ekið nokkra stund sáu þær kyrrstæðan bíl í vegkantinum með blikkandi viðvörðunarljós. Annar bíll var þar fyrir framan, hálfur út af veginum.

„Hvað hefur gerst hérna?“ sagði Magnea. „Hefur orðið slys?“

„Við stoppum ekki, haltu áfram,“ svaraði Soffía.

„Við verðum að kanna aðstæður og vita hvort fólk þarf aðstoð,“ sagði Magnea áhyggjufull. (10)

Magnea hægði ferðina. „Við megum ekki vera að því að stoppa,“ sagði Soffía. „Það er örugglega fullt af fólki á eftir okkur sem getur reddað þessu.“ (11)

„Það er skylda okkar að veita fólki í neyð aðstoð. Við erum fyrstar á vettvang og veitum fyrstu hjálp ef á þarf að halda,“ svaraði Magnea ákveðin. (12)

## Hættuför

Þeir voru stoltir félagarnir tveir, Fannar og Maggi þegar þeir litu á glansandi mótorhjólíð. Stífbónaður fákurinn leit glæsilega út. Pabbi Fannars átti hjólíð en hann var mikill bifhjólaáhugamaður. Hann átti tvö hjól; Harley Davidson og Hondu. Fannar hafði farið nokkrar ferðir með föður sínum en aldrei hjólað einn á svo kraftmiklu hjóli enda hafði hann ekki ökuréttindi né aldur til þess að stjórna slíku ökutæki.

„Fannar, eigum við ekki að skella okkur stuttan rúnt?“ segir Maggi.

„Nei, ég held ekki,“ segir Fannar. (1)

„Hvað er þetta. Við erum búnir að þrifa hjólíð og bóna og eigum skilið að fara stuttan rúnt,“ segir Maggi. (2)

„Ég veit ekki,“ segir Fannar.

„Hvað, ertu hræddur? Heldurðu kannski að pabbi þinn verði brjáláður eða hvað?“

„Nei, nei, honum er alveg sama,“ segir Fannar hikandi. (3)

„Þá er þetta ákveðið,“ hrópar Maggi og slær á öxlina á Fannari. Lykillinn er í og ekkert annað að gera en að ræsa og skella sér af stað.

„En við höfum bara einn hjálm og engan galla,“ segir Fannar áhyggjufullur.

„Hvað er þetta, við förum bara rólega. Þú getur haft hjálminn, ég þarf engan hjálm,“ segir Maggi og brosir. (4)

„Nei, hafðu hjálminn ég skal vera hjálmlaus,“ segir Fannar og glottir til félaga síns. „Það er betra að fela þig því þú ert svo ljótur.“ (5)

Félagarnir setjast á hjólíð og setja í gang. Hvorugur vill nota hjálminn og enginn hlífðarfatnaður er til staðar. (6) Fannar ekur en Maggi situr fyrir aftan. Fannar ekur rólega af stað og lítur vel út á götuna og kannar hvort einhver sé að koma. (7)

Hann hugsar eitt augnablik að ef pabbi hans kæmi þá væru þeir félagar í slæmum málum. Það er gott veður og þeir búnir að þrifa hjólin. Þetta verður í lagi. Þeir aka rólega af stað en Fannar eykur inngjöfina og Maggi orgar af gleði. „Gefðu því almennilega inn drengur,“ hrópar Maggi. (8)

Hjólíð hendist áfram og þeir sveigja á milli bifreiðanna sem aka eftir götunni og keyra hægar. „Helvítis kellingar og gamlir kallar,“ orgar Maggi um leið og hjólíð þeytist fram hjá. (9)

Fannar tekur þá skyndilega eftir því að þeir nálgast gangbraut og barn stendur við gangbrautarskiltið og virðist ætla út á götuna. Hann hemlar og nær að stoppa rétt áður en hann kemur að gangbrautinni. (10)

„Ertu ruglaður?“ gargar Maggi. Við vorum nærri dottnir bara út af einhverjum krakkabjálfa.

„Vildirðu frekar keyra á?“ svarar Fannar. „Við leiðum hjólíð héðan. Þetta er bara rugl hjá okkur. Við höfum enga hæfni eða reynslu til að vera á hjólinu.“ (11)

„Hvaða er þetta, er einn orðinn fúll? Ég meinti ekkert með þessu,“ svarar Maggi.

„Þetta er útrætt mál,“ segir Fannar. „Við áttum aldrei að fara á hjólinu. Við erum bara heppnir að vera ekki dauðir.“ (12)

## Krakkarnir í 4. ABC

„Þið megið taka saman krakkar,“ sagði kennarinn. „Góða helgi.“

Öll börnin í 4. ABC stóðu upp og settu bækurnar sínar í töskurnar. Palli sneri sér að Villu og Jóni og spurði: „Viljið þið vera samferða heim?“

„Já,“ svaraði Jón „en geturðu hjálpað mér að ganga frá? Ég er nefnilega umsjónarmaður.“

„Auðvitað geri ég það,“ svaraði Palli. (1)

„Við Jón erum hjólandi,“ svaraði Villa. „En þú mátt alveg ganga með okkur ef þú vilt.“ (2)

Þegar börnin voru búin að ganga frá í kennslustofunni og komu að hjólagrindinni sagði Palli: „Hér er bara eitt hjól. Hvar er hitt?“

„Þetta er hjólið mitt,“ svaraði Villa. „Jón henti sínu inn í trjábeðið.“

„HA, af hverju gerðir þú það?“

„Ég nenni ekkert að setja hjólið í hjólagrindina,“ svaraði Jón og gretti sig. (4)

Hjólið hennar Villu var gamalt en í góðu lagi. Það var með nýjum talnalás, bjöllu, endurskinsmerki og hlífum. Lögreglan hafði skoðað hjólið og fallet skoðunarkerki hafði verið sett á brettið. Villa var með hjálm sem Umferðarstofa hafði gefið 4. bekk nú í vor. (5)

Jón átti hins vegar ársgamalt flott fjallahjól. En hann hugsaði illa um hjólið. Það vantaði brettið, keðjuhlífina og ljósið að framan var brotið. Hann hafði einnig gleymt hjálminum en það gerði lítið til því hann notaði aldrei hjálm. (6)

„Ertu ekki búinn að láta skoða hjólið þitt, Jón?“ spurði Palli. „Nei, þess þarf ekki.“

Ég nenni ekki að fara á hjólreiðadaginn. Ég vil heldur kaupa mér límmiða og líma á hjólið. Þá er það líka mikið flottara,“ svaraði Jón. (6)

Krakkarnir héldu af stað heim. Það var góður hiti og frábært veður til þess að vera úti. Sumarið var á næsta leiti. Villa var nýbúin að taka sitt hjól út úr geymslunni og hún og pabbi hennar höfðu yfirfarið hjólið og búnað þess og tryggt að allt væri í lagi. (7)

Jón var hins vegar búinn að vera á sínu hjóli í allan vetur. Hann hjólaði jafnt hvort það var þurrt, blautt eða jafnvel hálka. (8)

Þegar krakkarnir voru komnir spölkorn frá skólanum sagði Jón: „Palli þú ert allt of lengi að ganga. Ég skal reiða þig.“ (9)

„Nei takk,“ svaraði Palli. „Það er ólöglegt að reiða fólk og ég vil frekar ganga. Það er svo gott að ganga þegar maður er búinn að sitja svona lengi í skólanum.“ (10)

## Skemmtunin

„Þetta er orðið gott," sagði Árný ákveðin og togaði í kærastann sinn sem hafði staðið í röð við barborðið drykklanga stund. Klukkan var að ganga þrjú og þetta hafði verið langur dagur. „Við skulum fara heim." Svenni hallaði sér að unnustu sinni og jánkaði. „Við skulum þá fara," muldraði hann drafandi röddu. Þegar út var komið mætti þeim rigningarúði sem var hressandi eftir að hafa verið í hitasvækj- unni á dansgólfinu allt kvöldið. Svenni leitaði í vösunum eftir billyklunum.

„Við skulum kalla á leigubíl," sagði Árný. (1)

„Nei, það þarf ekkert," svaraði Svenni. „Ég er bara búinn að drekka tvo eða þrjá bjóra og það er ekkert til að tala um." (2)

„Sveinbjörn," sagði Árný með áherslu. „Það skiptir ekki máli hversu mikið þú ert búinn að drekka heldur að þú hefur drukkið áfengi. Það er málið, akstur og áfengi eiga aldrei samleið." (3)

„Ekkert röfl hérna," svaraði Svenni höstuglega. „Þessar auglýsingar Umferðarstofu eru bara kjaftæði. Ég veit um marga sem keyra alltaf fullir og hafa aldrei lent í neinu." (4)

„Láttu mig hafa lyklana. Ég skal kalla á leigubíl," sagði Árný og gekk út á götuna og veifaði eftir bíl. (5)

„Ég hef nóg annað við peningana að gera en að eyða þeim í rándýran leigubíl," sagði Svenni og opnaði dyrnar á bílnum, settist undir stýri og stakk lyklinum í kveikjulásinn. Í sama mund kom Árný að og teygði sig inn í bílinn eftir lyklunum.

„Hættu þessari vitleysu. Þú ert drukkinn." (6)

„Elskan, ég er í lagi og það trúir því enginn að svona myndarlegur gaur sé að keyra drukkinn. Komdu upp í og drífum okkur af stað. Þú ert frekar þreytandi þegar þú lætur svona." Sveinbjörn leit á kær- ustuna og glotti. (7)

„Ég fer í leigubíl og þú kemur með mér." Árný var orðin frekar þreytt á þessari umræðu. (8)

„Þú getur farið í leigubíl eins og aumingi en ég fer á bílnum mínum," svaraði Svenni og var nú kominn í eitt af sínum frægu þrjúskuköstum. (9)

„Gerðu það, elsku vinur. Hættu þessu og komdu. Við skulum frekar ganga." Árný tók utan um Svein- björn og kyssti hann á kinnina. (10)

Hann leit á Árnýju. „Hvað heldurðu eiginlega að ég sé? Til hvers heldurðu að ég hafi keypt þennan bíl? Annaðhvort kemurðu með eða hundskast út." Um leið greip hann hálffullan öskubakkann og tæmdi hann út um opinn gluggann. (11)

Árný opnaði dyrnar. Hún leit á Sveinbjörn og tár láku niður kinn hennar. Hún tók upp gemsann um leið og hún lokaði hurðinni. Gekk fram fyrir bílinn, stóð þar og sló inn 112. (12)

Sveinbjörn ræsti bílinn og skelltí í bakkgír, bakkaði örlítið en setti síðan í fyrsta gír og rauk af stað. (13)

Á sömu stundu náði Árný sambandi við Neyðarlínuna. „Ég þarf að ná sambandi við lögregluna og til- kynna ölvunarakstur," sagði hún óstyrkri röddu. (14)

## Umferðarkönnunin

„Góðan daginn, krakkar,“ sagði kennarinn um leið og hann gekk inn í 6. DEF. Krakkarnir voru sestir í sætin sín og biðu spenntir eftir lokaverkefninu. Í stað þess að hafa próf áttu allir nemendurnir að taka þátt í umferðarkönnun í samstarfi við Umferðarstofu. Verkefnið var afar mikilvægt og krakkarnir áttu að gera könnun á háttalagi vegfarenda.

„Hópur þrjú á að fylgjast með gangbrautinni og notkun gangbrautarljósanna,“ las kennarinn upp. „Í hópi þrjú eru þau Sigurjón, Hulda og Sigrún Eva.“

Þau stukku upp úr sætum sínum og sóttu blað með leiðbeiningum fyrir verkefnið. Þegar þau höfðu farið vel yfir leiðbeiningarnar fóru þau út og tóku sér stöðu á garðbekk sem var spölkorn frá gangbraut með gangbrautarljósum. Þessi gangbraut var fjölfarin enda þurftu krakkar að fara yfir götuna til þess að komast á milli skólans og sundlaugar og íþróttahúss. Þau þurftu ekki að bíða lengi þar til gangandi vegfarandi kom að gangbrautinni.

„Sjáið stelpuna sem kemur þarna. Hún er örugglega í öðrum eða þriðja bekk,“ sagði Sigurjón.

„Hún er bara ein á ferð. Sennilega á leið í skólann,“ svaraði Sigrún Eva.

„Ég myndi aldrei láta barnið mitt ganga eitt í skólann,“ sagði Hulda. (1)

„Af hverju ekki? Maður verður að læra þetta einhvern tímann og sennilega hefur hún fengið fylgd í fyrstu skiptin,“ sagði Sigurjón. (2)

Stelpan stoppaði við gangbrautina, Ýtti á rofann og beið eftir grænum kalli. Hún leit til beggja hliða áður en hún gekk yfir götuna.

„Þetta verður varla betra,“ sagði Sigrún Eva. (3)

„Bíddu, þarna koma þrír krakkar úr 8. bekk. Þeir eru greinilega að flyta sér,“ sagði Hulda. Fyrst hljóp einn strákur á ská þvert yfir götuna nokkrum metrum frá gangbrautinni án þess að líta til hægri eða vinstri. (4)

Næst fór stelpa yfir á gangbrautinni en notaði ekki gangbrautarljósin. (5)

Eitt þeirra kom að gangbrautinni, ýtti á hnappinn en beið ekki eftir græna kallinum heldur fór bara yfir. (6)

„Þetta er alveg ótrúlegt,“ sagði Hulda og færði upplýsingarnar samviskusamlega inn í vinnuskýrslu hópsins.

„Það veitir nú ekki af að fara eitthvað yfir málin með þessum krökkum,“ sagði Sigrún Eva hneyksluð. (7)

„Hey, sjáið þið Láru kennara,“ sagði Sigurjón.

Krakkarnir fylgdust spennt með. Lára gekk að gangbrautinni, leit til beggja hliða en þar sem enginn bíll var að koma gekk hún yfir á gangbrautinni án þess að nota gangbrautarljósin. (8)

„Er þetta nú löglegt?“ spurði Sigurjón og leit spekingslega á bekkjarsystur sínar.

Hann fékk ekkert svar því stelpurnar voru þá þegar byrjaðar að fylgjast með hóp fyrstu bekkinga sem voru á leið í sund. Krakkarnir komu að gangbrautinni og í sömu mund kom vörubíll akandi eftir

götunni. Ökumaðurinn hægði ferðina og stoppaði nokkrum metrum frá gangbrautinni. Krakkarnir sáu að vörubifreiðin var stopp. Rauður kall logaði á gangbrautarljósinu. Þar sem vörubíllinn var stopp fóru börnin yfir og gengu gegnt rauðum gangbrautarkalli en vörubíllinn var stopp gegnt grænu ljósi. (9)

„Hvað segið þið um þetta?“ sagði Sigrún Eva og var sem eitt spurningarmerki í framan.

Þar sem uppgefinn könnunartími var liðinn tóku krakkarnir skráningarblöðin saman og fóru aftur í skólann. Þegar þau komu inn í kennslustofuna til kennarans spurði hann: „Hvernig gekk, krakkar?“ Fylgja allir vegfarendur umferðarreglum við gangbrautir.

Sigurjón svaraði fyrstur: „Ég myndi segja að þetta sé bara nokkuð gott þegar á heildina er litið og ekkert til að hafa áhyggjur af.“ (10)

Hulda var ekki jafnviss en sagði: „Ástand mála er viðunandi.“ (11)

„Er ekki allt í lagi?“ sagði Sigrún Eva. „Það er full ástæða til að kalla til fundar með öllum nemendum og starfsfólki skólans. Reglum er ekki fylgt og ég held að það sé mikil hætta á slysi við þessa gangbraut,“ sagði hún ákveðin. (12)

## Sjöferðiskvaði

Atvik	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14
Stig														
10														
5														
0														
-5														
-10														

Lestu söguna yfir. Hver hópur kemur sér síðan saman um sameiginlegt mat á atburðarásinni. 10 merkir eitthvað sem er gott eða jákvætt, 0 hlutlaust og -10 eitthvað sem er neikvætt eða rangt.